Röðun	Nafn	Þ.f.	Félag	Samtals 4 bestu	Besti í árangur	Næst besti	Þriðji besti	Fjórði besti	Allir punktar	Opna Skoska 2019	Paris Grand Slam 2019	Matsumae Cup 2019	Dusseldorf Grand Slam 2019	Grand Prix Marrakesh 2019	Baltic Sea Championship 2019	Grand Prix Antalya 2019	NMI Rovaniemi /Finland 2019	Grand Prix Hohhot 2019	GSSE Montenegro 2019	EM Minsk 2019	Grand Prix Montreal 2019	Grand Prix Zagreb 2019	HVI í Tokyo 2019	EO Luxembourg 2019	Abu Dhabi Grand Slam 2019	Opna Finnska 2019	Oceania Open (GP) í Perth 2019	Osaka Grand Slam 2019	Asia Open Hong Kong 2019	Aldursfl.
1	Sveinbjörn Iura	M-81	Ármann	310	120	120	50	20	372	120			10	6		6		6		6	6	6	20		120		6	10	50	Sen
2	Árni Lund	M-81	JR	42	42	0	0	0	42		0						42		0				0							Sen
1	Egill Blöndal	M-90	Selfoss	64	28	20	10	6	82				6			6			28		6	6	20		10					Sen
2	Ægir Valsson	M-90	JR	20	14	6	0	0	20	6					14				0				0							Sen
1	Þór Davíðsson	M-100	Selfoss	14	14	0	0	0	14										14											Sen
1	Ingólfur Rögnvaldsson	P-66	Njarðvík	6	6	0	0	0	6							6									0					U21
1	Árni Lund	P-81	JR	14	14	0	0	0	14		14						0													U21
1	Kjartan Hreiðarsson	UD-81	JR	28	28	0	0	0	28			0					0								28					U18

B-röðun, punktastaða innanlands des 2019

Röðun	Dags. 7. desember 2019		Þyngdarflokkur	Félag	Samtals 3 bestu	Besti í árangur	Næst besti	Þriðji besti	Allir punktar	RIG/AM 2019	Vormót 2019	Íslandsmót 2019	Haustmót 2019	Aldursflokkur
	Nafn													
1	Ægir Már Baldvinsson	60	Njarðvík	50	30	20	0	50		20	30		U21	
2	Gylfi Edduson	60	KA	50	20	20	10	50	20	10	20		U21	
3	Daniel Árnason	60	Njarðvík	20	20	0	0	20				20	U21	
4	Hannes Sigmundsson	60	KA	10	10	0	0	10	10				U21	
5	Enok Ragnarsson	60	JR	10	10	0	0	10				10	U21	
6	Steinar Sigfússon	60	Tindastóll	5	5	0	0	5	5				U21	
1	Ingólfur Rögnvaldsson	66	Njarðvík	70	30	20	20	70		20	30	20	U21	
2	Jakub Tomczyk	66	Selfoss	25	20	5	0	25		5	20		U21	
3	Gunnar Guðmundsson	66	Njarðvík	20	20	0	0	20	20				U21	
4	Aron Davíðsson	66	KA	10	10	0	0	10			10		U21	
5	Jóel Reynisson	66	Njarðvík	10	10	0	0	10	10				U21	
6	Alexander Heiðarsson	66	KA	10	10	0	0	10		10			U21	
7	Páll Blöndal	66	Árman	5	5	0	0	5		5			U21	
1	Kjartan Hreiðarsson	73	JR	70	30	20	20	80	20	20	30	10	U21	
2	Hákon Garðarsson	73	JR	45	20	20	5	45		5	20	20	U21	
3	Gunnar Guðmundsson	73	Njarðvík	10	10	0	0	10			10		U21	
4	Ingólfur Rögnvaldsson	73	Njarðvík	10	10	0	0	10	10				U21	
5	Oddur Kjartansson	73	JR	10	10	0	0	10		10			U21	
1	Oddur Kjartansson	81	JR	60	20	20	20	60	20		20	20	U21	
2	Aron Arnarsson	81	Grindavík	30	30	0	0	30			30		U21	
3	Birgir Arngrímsson	81	KA	30	20	10	0	30		20	10		U21	
4	Andri Ævarsson	81	JR	10	10	0	0	10	10				U21	
5	Ingólfur Hannesson	81	KA	10	10	0	0	10		10			U21	
6	Skarphéðinn Hjaltason	81	JR	10	10	0	0	10				10	U21	
7	Bjarni Darri Sigfússon	81	Njarðvík	5	5	0	0	5		5			U21	
1	Árni Lund	90	JR	50	30	20	0	50	20		30		U21	
2	Hrafn Arnarsson	90	Selfoss	50	20	20	10	50	10	20		20	U21	
3	Jakub Tumowski	90	ÍR	25	20	5	0	25	5		20		U21	
4	Guðmundur Sigurfinnsson	90	Grindavík	10	10	0	0	10				10	U21	
1	Aron Þorbjörnsson	100	ÍR	20	20	0	0	20	20				U21	
1	Sigurður Hjaltason	+100	Selfoss	30	30	0	0	30			30		U21	
2	Þorgrímur Runólfsson	+100	Tindastóll	10	10	0	0	10		10			U21	

1	Berenika Bernat	63	KA	70	30	20	20	70	20	20	30		U21
2	Jana Ellertsdóttir	63	Njarðvík	40	20	10	10	40	10	10	20		U21
1	Aleksandra Lis	70	ÍR	20	20	0	0	20	20				U21
1	Heiðrún Pálsdóttir	78	Njarðvík	40	20	20	0	40	20	20			U21
2	Kristín Guðjónsdóttir	78	KA	10	10	0	0	10		10			U21
1	Hekla Pálsdóttir	+78	KA	50	30	20	0	50		20	30		U21
2	Heiðrún Pálsdóttir	+78	Njarðvík	20	20	0	0	20				20	U21
3	Sunneva Kristjánsdóttir	+78	KA	10	10	0	0	10		10			U21

Röðun	Dags. 7. desember 2019			Þyngdarflokkur	Félag	Samtals 3 bestu	Besti í árangur	Næst besti	Þriðji besti	Allir punktar	RIG/AM 2019	Vormót 2019	Íslandsmót 2019	Haustmót 2019	Aldursflokkur
	Nafn														
1	Róbert Latkowski	50	Grindavík	70	30	20	20	70	20	20	30			U18	
2	Adam Latkowski	50	Grindavík	40	20	10	10	40	10	10	20			U18	
3	Enok Ragnarsson	50	JR	20	20	0	0	20				20		U18	
4	Benedikt Magnússon	50	Pardus	10	5	5	0	10	5	5				U18	
1	Daniel Árnason	55	Njarðvík	70	30	20	20	70	20		30	20		U18	
2	Óskar Kristinsson	55	Selfoss	20	20	0	0	20			20			U18	
3	Óli Guðbjartsson	55	Selfoss	10	10	0	0	10	10					U18	
1	Gylfi Edduson	60	KA	70	30	20	20	70	20	20	30			U18	
2	Hannes Sigmundsson	60	KA	10	10	0	0	10	10					U18	
3	Daniel Árnason	60	Njarðvík	10	10	0	0	10		10				U18	
4	Árni Arnarsson	60	KA	5	5	0	0	5	5					U18	
1	Ingólfur Rögnvaldsson	66	Njarðvík	70	30	20	20	70		20	30	20		U18	
2	Jakub Tomeczyk	66	Selfoss	40	20	10	10	40	10	10	20			U18	
3	Gunnar Guðmundsson	66	Njarðvík	20	20	0	0	20	20					U18	
4	Aron Davíðsson	66	KA	15	10	5	0	15		5	10			U18	
5	Haukur Ólafsson	66	Selfoss	10	10	0	0	10			10			U18	
6	Árni Arnarsson	66	KA	5	5	0	0	5		5				U18	
1	Kjartan Hreiðarsson	73	JR	70	30	20	20	80	10	20	30	20		U18	
2	Hákon Garðarsson	73	JR	35	20	10	5	40	5	10	20	5		U18	
3	Ingólfur Rögnvaldsson	73	Njarðvík	20	20	0	0	20	20					U18	
4	Gunnar Guðmundsson	73	Njarðvík	15	10	5	0	15		5	10			U18	
5	Ísar Guðjónsson	73	Grindavík	15	10	5	0	15			10	5		U18	
6	Breki Adamsson	73	KA	5	5	0	0	5		5				U18	
1	Böðvar Arnarsson	81	Selfoss	40	30	10	0	40			30	10		U18	
2	Andri Ævarsson	81	JR	40	20	20	0	40	20	20				U18	
3	Skarphéðinn Hjaltason	81	JR	40	20	10	10	40	10	10		20		U18	
4	Kristinn Guðjónsson	81	Grindavík	20	20	0	0	20			20			U18	
5	Jon Tabaku	81	ÍR	5	5	0	0	5	5					U18	
6	Þórarinn Rúnarsson	81	JR	5	5	0	0	5				5		U18	
1	Jakub Tumowski	90	ÍR	50	30	20	0	50	20		30			U18	
1	Þorgrímur Runólfsson	+90	Tindastól	20	20	0	0	20			20			U18	
2	Aron Þorbjörnsson	+90	ÍR	10	10	0	0	10	10					U18	
1	Sara Ingólfssdóttir	48	Selfoss	40	20	20	0	40	20	20				U18	
1	Tinna Einarsdóttir	63	UMFG	20	20	0	0	20	20					U18	
2	Karen Guðmundsdóttir	63	JG	10	10	0	0	10	10					U18	
1	Olivia Mazowiecka	70	Grindavík	30	30	0	0	30			30			U18	
2	Aleksandra Lis	70	ÍR	20	20	0	0	20	20					U18	

Erlend mót og fjölmiðlaumfjöllun

Mittersill 2019

9. janúar (Birt á jsi.is)

Stór hópur landsliðsmanna dvaldi við æfingar í Mittersill í Austurríki. Þetta voru alþjóðlegar æfingabúðir og með þeim sterkustu sem haldnar eru ár hvert. Að venju voru allir bestu judomenn og konur heims á meðal þátttakenda. Þessar æfingabúðir koma sér vel í undirbúningi okkar manna fyrir Reykjavík Judo Open sem haldið var í Laugardalshöllinni 26. janúar og að sjálfsögðu önnur verkefni sem fyrirhuguð voru í framhaldi af því eins og Grand Slam í París og Dusseldorf og svo Matsumae Cup í Danmörku.



IJF dómara og þjálfararáðstefna

15. janúar (Birt á jsi.is)

JSÍ dómararnir þeir Björn Sigurðarson og Sævar Sigursteinsson tóku þátt í IJF dómara og þjálfararáðstefnu sem haldin var í Mittersill dagana 13-16 janúar samhliða OTC æfingabúðunum þar. Þar er farið yfir allar helstu áherslur í dómgæslu og dómaraþreglunum. Þeir félagar munu síðan koma þeim upplýsingum áfram til okkur hinna á dómara og þjálfaranámskeiði JSÍ. Á myndinni sem fylgir má greina þá félaga í hægri röð þeirri öftustu lengst til vinstri.



Ægir í 5. sæti í Skotlandi

20. janúar (Birt á jsi.is)

Ægir Valsson keppti á laugardaginn í – 90 kg flokknum á Opna Skoska í Glasgow. Það byrjaði vel hjá honum þegar hann vann fyrstu viðureign á ippon. Því miður tapaði hann svo næstu viðureign í gullskori og þar með var möguleikinn á gulli úr sögunni þar sem keppt er með útsláttarfyrríkomulagi en hinsvegar enn möguleiki á bronsverðlaunum. Í uppreisnarglímum vann hann næstu tvær örugglega, þá fyrri á tveimur wazaari og þá seinni á ippon. Hann er þar með kominn í keppnina um bronsverðlaunin. Ægir leiddi þá viðureign framan af með wazaari en andstæðingur hans gafst ekki upp og náði góðu skori á Ægi og fékk ippon fyrir það og tók bronsverðlaunin. Ægir var ekki sáttur með framistöðu sína en flensa sem hann náði sér í hefur örugglega haft sín áhrif á hana. Nú er bara að vona að hann verði búinn að jafna sig á flensunni fyrir næsta laugardag þegar hann keppir á Reykjavík Judo Open í Laugardalshöllinni.

Alþjóðlegt judomót í höllinni

17. janúar (Birt á jsi.is)

Judosamband Íslands heldur nú í sjöunda sinn Reykjavík Judo Open í samvinnu við RIG (Reykjavík International Games). Þetta opið alþjóðlegt mót fyrir karla og konur sem verður haldið í Laugardalshöllinni laugardaginn 26.

janúar. Aldrei hafa keppendur verið fleiri og er met þátttaka erlendra keppenda en þeir eru yfir fimmtíu frá ellefu þjóðum.



Vegna mikillar þátttöku verðum við að byrja fyrr en áætlað var og hefst mótið með forkeppni frá 9:00 til 13:00 og brons og úrslitaglímur frá kl. 14:00 til 16:00. Allir okkar bestu judo menn og konur verða með. Komið og sjáið heimsklassa judo sem er bæði standandi viðureignir og gólfglíma sem gæti verið áhugavert fyrir þá sem stunda jiu-jitsu.

Sveinbjörn komst í aðra umferð á Paris Grand Slam

10 febrúar (Birt á jsi.is)

Sveinbjörn lura keppti í dag á Paris Grand Slam í -81 kg flokki. Hans fyrsta viðureign var gegn Royal Rakotoarivony frá Madagascari og sigraði hann örugglega. Royal fékk shido eftir um það bil þrjátíu sekúndur fyrir varnartilburði og mínútu síðar skoraði Sveinbjörn wazaari á hann. Þegar viðureignin var hálfnuð fékk Royal sitt annað shido og nú fyrir sóknarleysi og mínútu síðar sitt þriðja shido og einnig fyrir sóknarleysi og var þar með búinn að tapa.

Nú var Sveinbjörn kominn í 32 manna útslátt og hans næsta viðureign var gegn Ítalanum Antonio Esposito sem er í 20 sæti heimslistans. Það var hörð barátta hjá þeim um tókin og átti hvorugur þeirra hættulega sókn fyrstu eina og hálfu mínútuna en einhverra hluta vegna var bara dæmt shido á Sveinbjörn fyrir sóknarleysi. Sveinbjörn hleypti krafti í sóknina og reyndi að sækja og ógna þó svo hann hefði ekki fullkomin tök og skyndilega stoppar dómari og dæmir á hann shido fyrir false-attack. Alveg furðulegur dómur, Sveinbjörn var ekki að reyna að bjarga sér úr slæmri stöðu



eða neitt þvilíkt var bara að reyna að ná andstæðingnum úr jafnvægi og reyndi seionage sem hann fann að gekk ekki og stóð strax upp en fær á sig shido fyrir þessa tilraun. Ekki sanngjarnt að mínu mati. Viðureignin hélt áfram og baráttan um tókin hélt áfram. Báðir reyndu að sækja úr litlum sem engum tókum án árangurs og viðureignin var í járnum. Þegar rúm mínúta var eftir fékk Sveinbjörn sitt þriðja shido og aftur fyrir false -attack sem að ég get ekki verið ósammála og þar með var hann búinn að tapa viðureigninni.

Árangur Sveinbjörns í dag þ.e. að komast í 32 manna úrslit gefur honum 120 punkta til viðbótar á heimslistann sem ætti að fleyta honum nær takmarkinu að komast á Ólympíuleikana. Auðvita þarf að skoða líka hvernig öðrum gekk og hvernig menn raðast upp þegar búið er að uppfæra heimslistanum en Sveinbjörn var í dag í 86. sæti og verður spennandi að sjá hvernig staðan verður á morgun þegar listinn hefur verið uppfærður.

Matsumae Cup 2019

15 febrúar (Birt á jsi.is)

Um helgina verða sjö Íslenskir þátttakendur á meðal keppenda á Matsumae Cup í Vejle í Danmörku. Það eru þeir Hákon Garðarsson og Kjartan Hreiðarsson sem keppa bæði í U18 og U21 í -73 kg. Árni Lund og Hrafn Arnarsson sem keppa báðir í U21 og senioraflokki í -81 kg. Alexander Heiðarsson sem keppir í U21 og senioraflokki í -60 kg og þeir Breki Bernhardsson -73 kg og Dofri Bragason -60 kg sem keppa í senioraflokki. Með þeim í för er Jón Þór Þórarinnsson landsliðsþjálfari og Hreiðra Oddsson faðir Kjartans sem verður þeim til aðstoðar. Það eru alls um 600 keppendur frá átján þjóðum sem koma víða að og er stór hópur að venju frá Japan.



Hér er drátturinn en mótið verður í beinni útsendingu og hefst kl. 8 að Íslenskum tíma og verður keppt á fjórum völlum. Á morgun verður keppt í U18 og senioraflokkum og á sunnudaginn í U21 árs aldursflokkum. Meðfylgjandi er mynd af köppunum sem var tekin í dag að lokinni vigtun.

Árni Lund með brons á Matsumae Cup

17 febrúar (Birt á jsi.is)

Það gekk ekki nógu vel hjá okkur fyrri dagin á Matsumae Cup en við unnum aðeins fjórar viðureignir af nítján. Í senioraflokki í -60 kg kepptu þeir Alexander Heiðarsson og Dofri Bragason og var keppt í tveimur fjögurra manna riðlum. Hvorugur komst upp úr riðli en Alexander (5-6 sæti) vann eina viðureign á ippon með fallegu uchimata kasti og hafði ekki verið langt frá því að sigr fyrstu viðureign sem hann hafði leitt megnið af glímútímanum þegar hann tapaði. Breki Bernhardsson -73 kg byrjaði vel og sigraði á ippon fyrstu viðureign með glæsilegu sópi. Hann tapar næstu en fær uppreisn og tapar henni líka og er þar með úr leik.



Árni Lund og Hrafn Arnarsson kepptu í -81 kg flokki seniora. Árni tapaði fyrstu en fékk uppreisn og tapaði henni líka og þar með fallin úr keppni. Hrafn (13-16 sæti) tapaði einnig fyrstu viðureign en í uppreisnarglímu vannur hann öflugan Svía á á ippon með sínu sterkasta bragði kouchi gari en því miður tapar hann næstu og féll einnig úr keppni. Það var svipað hjá þeim Kjartani Hreiðarsyni og Hákon Garðarssyni sem kepptu í U18 -73 kg. Kjartan tapaði fyrstu og síðan uppreisnarglímunni og féll úr keppni en Hákon (9-12 sæti) tapar fyrstu, vannur uppreisnarglímu með shimewaza og tapar þeirri þriðju og féll þá einnig fallin úr keppni.

Það gekk mun betur seinni daginn þegar keppt var í U21 árs aldursflokki en þá urðu viðureignirnar átján og sigrar og töp 50/50. Alexander Heiðarsson -60 kg tapar fyrstu, vannur næstu og tapar þeirri þriðju. Það hefur örugglega haft áhrif á Alexander (9-16 sæti) að hann var ekki alveg heill heilsu því hann var með hita.

Hákon Garðarsson -73 kg tapaði báðum sínum viðureignum og dagurinn hjá Hrafn Arnarssyni (17-24 sæti) var eins og fyrri dagurinn en hann tapar fyrstu, vannur uppreisnarglímu og tapar þeirri þriðju. Kjartan Hreiðarsson -73 kg vannur tvær og tapar tveimur. Var það vel gert hjá Kjartani (17-24 sæti) sem glímdi þarna mjög vel en bæði hann og Hákon eru aðeins fimmtán ára gamlir og voru því á yngsta ári í aldursflokknum U21 árs.

Árni Lund -81 kg vannur sex viðureignir af sjö. Hann vannur fyrstu, tapar næstu en vannur svo síðan næstu fimm viðureignir nokkuð örugglega sem voru allar með stuttu millibili og tók bronsverðlaunin. Þetta er skýtið kerfi þetta Danska keppniskerfi. Það fá allir minnst tvær glímur sem er fínt en stundum þurfa menn að glíma aftur við sama andstæðing sem er ekki fínt. Einnig þarf að vinna fleiri viðureignir til að vinna til bronsverðlauna heldur en til gullverðlauna eins og t.d. í -81 kg flokknum en þar þurfti 5 glímur í gull en 7 í brons. En hvað um það þetta var glæsilegur árangur hjá Árna og vel gert hjá honum að sigr í sex viðureignum af sjö á þessu móti sem er alltaf að verða sterkara en til samanburðar voru 587 keppendur núna frá 17 þjóðum á móti 311 keppendum frá 11 þjóðum á síðasta Matsumae Cup. Hér eru úrslitin og hér er hægt að skoða flestar viðureignirnar.



Sveinbjörn úr leik í Dusseldorf

24. febrúar (Birt á jsi.is)

Sveinbjörn lura komst því miður ekki áfram á Dusseldorf Grand Slamum helgina en hann tapaði viðureign sinni gegn Adrian Gandia frá Puerto Rico. Eins og áður kom fram þá hafa þeir æft saman og þekkja til hvors annars og sýndi það sig í glímunni en hvorugur náði að skora en Adrian var virkari og Sveinbjörn tapar á refsstigum og þar með úr leik. Sveinbjörn verður áfram í Þýskalandi út vikuna og tekur þar þátt í alþjóðlegum æfingabúðum.

Egill og Sveinbjörn komust ekki áfram

10. mars (Birt á jsi.is)

Sveinbjörn lura og Egill Blöndal komust því miður ekki áfram á Marrakech Grand Prix um helgina. Þeir töpuðu báðir sínum viðureignum á fastataki þegar lítið var eftir af glímútímanum. Hér má sjá viðureign Sveinbjörns í 81 kg flokknum gegn Vedat Albayrak frá Tyrklandi sem endaði í öðru sæti og hér er viðureign Egils í -90 kg flokknum en hann mætti Faruch Bulekulov frá Kyrgyzstan.

Ægir með brons í Finnlandi

10. mars (Birt á jsi.is)

Ægir Valsson keppti um helgina í Finnlandi á Baltic Sea Championship. Hann keppti í -90 kg flokknum og hafnaði í þriðja sæti. Hann mætti fyrst Safar Rahmani frá Finnlandi og fór sú viðureign í gullskor en Ægir sem var mikið betri aðilinn í glímunni var samt wazaari undir þegar 3 sek eru eftir en hann jafnar á síðustu sekúndu. Báðir eru komnir með 2 shido og þegar Ægir nær taki á Finnannum fer hann með hausinn undir hendina á Ægi sem er þá skyndilega kominn með gripin sömumegin og í stað þess að gefa Finnannum sitt þriðja shido fyrir þetta þá fær Ægir sitt þriðja shido og þar með var möguleiki á gulli úr sögunni. Ægir mætir næst Kevin Nestor frá Svíþjóð og vinnur hann eftir skamma viðureign á ippon. Í keppninni um bronsið mætir hann Markus Lambacka frá Finnlandi og vinnur hann einnig örugglega eftir stutta viðureign..



Dómara og þjálfararáðstefna

24. mars (Birt á jsi.is)

JSÍ dómarnir þeir Birkir Hrafn Jóakimsson og Sævar Sigursteinsson taka nú þátt í EJU dómara og þjálfararáðstefnu sem haldin er í Antalya í Tyrklandi dagana 22-24 mars. Þar er farið yfir allar helstu áherslur í dómgæslu og dómarareglunum. Þeir félagar munu síðan koma þeim upplýsingum áfram til okkur hinna á dómara og þjálfaranámskeiði JSÍ. Meðfylgjandi eru myndir frá ráðstefnunni og má sjá þá féлага á þeim.



Sveinbjörn og Egill komust ekki áfram í Antalya

8. apríl (Birt á jsi.is)

Antalya Grand Prix lauk í gær en því miður komust okkar menn ekki áfram að þessu sinni. Sveinbjörn lura tapaði sinni viðureign í 81 kg flokknum á refsistigum gegn Bohdan Zusco frá Úkraníu en Egill Blöndal tapaði á ippon kasti í -90 kg flokknum gegn Reka Palkin frá Kazakhstan. Hér má sjá glímuna hans Sveinbjörns og hér er glíman hans Egils. Þeir taka nú þátt í æfingabúðum, OTC Going for Gold Antalya 2019 út þessa viku og eru væntanlegir heim næstu helgi.

Dómaranámskeið JSÍ í apríl

25. apríl (Birt á jsi.is)

Það var vel sótt dómaranámskeiðið sem JSÍ hélt í gær en þátttakendur voru tuttugu og þrír. Það voru þeir Björn Sigurðarson og Birkir Jóakimsson sem að sáu um námskeiðið og fóru þeir yfir nokkur myndbönd þar sem og dómarnir voru skýrðir og reglur áréttaðar og svörðu síðan fyrirspurnum um ýmis vafa atriði.



Sveinbjörn féll úr keppni í Kína

25. maí (Birt á jsi.is)

Því miður tapaði Sveinbjörn lura viðureigninni á Grand Prix Hohhot í Kína gegn Rigaqi Nai. Sveinbjörn byrjaði mjög vel og skoraði fljótlega wazaari. Hann virkaði sterkari aðilinn og stjórnaði glímunni en einhvernvegin þá tókst honum ekki að halda einbeitingunni og Rigaqi skoraði líka wazaari og jafnaði viðureignina og skoraði síðan aftur wazaari með seoinage kasti og var þar með búinn að sigra. Sveinbjörn heldur aftur til Japans og mun æfa þar fram í miðjan júní og kemur þá heim en hann mun taka þátt í Evrópuleikunum í Minsk 22-25 júní.



Þrjú gull í Luxemborg

11. júní (Birt á jsi.is)

Fjölmennur hópur frá Júdófélagi Reykjavíkur í aldursflokkum u11, u13 og u15 keppti um helgina í Luxemborg. Um er ræða alþjóðlegtmót sem heitir Challenge International de la Differdange og er fyrir bæði stelpur og stráka í aldursflokkum u9 – u11 – u13 – u15 og u18. Þátttökupjóðir eru tíu og keppendur vel yfir þrjúhundruð.

Emma Thuringer og Orri Helgason kepptu í u11 og unnu til gullverðlauna í sitt hvorum flokknum.

Í u13 unnu þau Helena Bjarnadóttir og Matas Naudziunas til gullverðlauna í flokkum -63kg og -73kg. Jónas Björn Guðmundsson og Elías Funi Þormóðsson urðu í 5. og 7.sæti í -38kg. Romans Psenicnijs varð í 5.sæti í -46kg.

Í u15 varð Daniele Kucyte í 3. Sæti -63 kg. Daron Hancock og Aðalsteinn Björnsson urðu í 9-16 sæti í -46kg.

Jafnframt dæmdi Marija Dragic Skúlason móðir Helenu í mótinu við góðan orðstýr.



Sveinbjörn hefur lokið keppni í Minsk

24. júní (Birt á jsi.is)

Sveinbjörn Jun lura keppti í -81 kg. flokki í gær, 23. júní, í júdókeppninni. Hann fékk yfirsetu í 64 manna úrslitum en í 32 manna úrslitum keppti hann á móti Ivaylo Ivanov frá Búlgaríu. Sveinbjörn fékk snemma í glímunni refsistig og Ivanov skoraði svo Waza-ari eftir 1:20 mín og vann svo fullnaðarsigur, Ippon, eftir 1:55 mín með góðu kasti. Ivanov hélt áfram sigurgöngu sinni fram í úrslitaglímunum þar sem hann þurfti að lúta fyrir Matthias Casse frá Þýskalandi sem sigraði með Waza-ari.

Egill nálægt því að komast áfram í Montreal.

8. júlí (Birt á jsi.is)

Egill Blöndal og Sveinbjörn lura kepptu núna um helgina á Grand Prix Montreal. Egill byrjaði mjög sannfærandi gegn Geronimo frá Mexíkó. Geronimo fékk fljótlega refsistig fyrir sóknarleysi og fylgdi Egill því svo eftir með því að skora Waza ari með góðu kasti um miðbik glímunar. Eftir það sótti Geronimo stíft og náði svo að skora ippon með fallegu uchimata kasti þegar um það bil ein mínúta var eftir af viðureigninni.

Sveinbjörn lura beið lægri hlut gegn Alexandre Arencibia frá Kanada í 81kg flokknum eftir jafna og harða glímu. Alexandre náði snemma forskoti með því skora waza ari (kata-guruma) og náði hann að halda því þrátt fyrir mikla baráttu Sveinbjörns. Þar með lauk þátttöku Egills og Sveinbjörns á Grand Prix Montreal í þetta skiptið. Verða þeir félagar áfram í Montreal við æfingar þar sem þeir taka þátt í alþjóðlegum æfingabúðum (Olympic training center) en næst munu þeir keppa á Grand Prix Zagreb þann 26-28 júlí.



Alexander keppti í Prag

22. júlí (Birt á jsi.is)

Alexander Heiðarsson keppti um síðustu helgi Junior European Judo Cup í Prag, Tékklandi. Alexander keppti -66kg flokki og mætti Ian Stoermer frá Þýskalandi í fyrstu umferð. Glíma Alexanders og Stormers var jöfn framan af, en Stormer náði að tryggja sér sigur þegar um það bil ein mínúta var eftir af glímunni. Þar með var Alexander úr leik. Hrafn Arnarsson átti einnig að keppa um helgina, en neyddist til þess að draga sig úr keppni.

Prag var fyrsti áfangastaðurinn í keppnisferðalagi strákana en þeir munu keppa næstu tvær helgar á Junior European Judo Cup mótum sem haldin eru víðsvegar um Evrópu. Jafnframt munu þeir taka þátt í æfingabúðum sem haldin eru samhliða mótunum. Næst munu þeir keppa helgina 27.-28. Júlí í Berlín og svo mun Alexander halda áfram og keppa viku seinna í Poznan, Póllandi.

Alexander og Hrafn hafa lokið keppni í Berlín

30. júlí (Birt á jsi.is)

Þann 27. og 28. júlí kepptu þeir Alexander Heiðarsson og Hrafn Arnarsson á Junior European Judo Cup í Berlín. Þátttakendur voru tæplega 500 frá 39 löndum og kept var á 5 völlum. Þar á meðal voru þátttakendur frá sterkustu Júdo þjóðum heims, Japan, Rússlandi og Frakklandi. Alexander keppti fyrri daginn í -66kg flokknum og mætti hann



Falk Biedermann frá Þýskalandi. Þetta hörð glíma sem lauk með sigri þjóðverjands með uppgjafartaki (Sankaku-jime) þegar um það bil 40 sekúndur voru eftir af leiktíma, en Falk hafði leitt glímuna fram af því með wazari. Seinni daginn keppti svo Hrafn í -90kg flokknum. Mætti hann Martin Bezdek frá Tékklandi og varð að játa sig sigraðan eftir að um það bil einnar mínútu viðureign. Martin hélt áfram sigurgöngu sinni og komst í átta mann úrslit (endaði í öðru sæti). Hrafn fékk því annað tækifæri og mætti í það skiptið sterkum keppanda frá Brasilíu, Igor Morishigue en beið lægri hlut eftir snarpa viðureign. Hér má sjá öll úrslit og myndbönd frá keppni helgarinnar.

Egill og Sveinbjörn hafa lokið keppni á Zagreb GP 2019.

30. júlí (Birt á jsi.is)

Sveinbjörn Iura og Egill Blöndal kepptu um helgina 27. og 28. júlí á Grand Prix móti sem haldi var í Zagreb Króatíu. Sveinbjörn mætti Timo Cavelius frá Þýskalandi í -81 flokknum og varð að játa sig sigraðan eftir snarpa viðureign þegar Timo skoraði Ippon. Egill mætti Faruch Bulekov frá Kyrgystan en hann beið einnig lægri hlut eftir að Faruch hafði skorað tvö wasaari. Næsta mót á dagskrá hjá Sveinbirni og Agli er heimsmeistaramótið sem haldið verður í lok ágúst í Tokió, Japan.

Alexander Keppti EC juniora í Poznan

5. ágúst (Birt á jsi.is)

Alexander Heiðarsson keppti á Junior European Judo Cup í Poznan um síðustu helgi. Heiðar Jónsson var honum til halds og trausts sem aðstoðamaður og þjálfari. Alexander keppti í -66kg flokknum ásamt 22 öðrum. Alls voru keppendur 179, 113 karlar og 66 konur frá 25 þjóðum. Alexander dróst gegn mjög öflugum mótherja í fyrstu umferð, Abrek Naguchev. Naguchev sigraði, eftir vel útfærða gólfglímu. Naguchev sigraði svo flokkinn síðar um daginn. Alexander fékk því uppreisnarglímu. Í henni mætti hann öðrum öflugum mótherja, Yhonice Goeffon, frá Frakklandi. Goeffon bar sigur úr býtum eftir að hafa skorað tvívegis wazaari. Goeffon hlaut bronsverðlaun síðar um daginn og er því óhætt að segja að Alexander hafi ekki haft heppnina með sér hvað varðar uppröðun mótherja.



Sveinbjörn og Egill hafa lokið keppni á HM í Tókýó.

29. ágúst (Birt á jsi.is)

Sveinbjörn lura Egill Blöndal hafa nú báðir lokið keppni á HM í Tókýó. Báðir keppendur Íslands sátu hjá í fyrstu umferð og hófu keppni því í annarri umferð. Sveinbjörn mætti Jack Hatton (USA) sem hafði sigrað Marco Tumampad (PHI). Sveinbjörn virkaði sigurstranglegrí framan af og komst nálægt því að skora með osoto gari í byrjun glímunar. Þróaðist viðureignin á þann hátt að hvorugur hafði skorað eftir venjulegan leiktíma. Tók þá við bráðabani (e. golden score) og fór hann á þá leið að Hatton var virkari og Sveinbjörn tapar á refsistigum og þar með úr leik. Egill mætti Peter Zilka (SVK) sem áður hafði sigrað Nantenaina Finesse (SEY). Zilka virtis vera mjög sterkur stöðugur og stýrði gripabaráttunni í glímunni. Samt sem áður gerði Egill vel að vera hreyfanlegur og náði að koma að sóknum. Egill komst nálægt því að skora með snörpu sote tsurikomi goshi snemma í glímunni. Eftir um það bil tveggja mínútna viðureign sótti Zilka inn í uchi mata og skoraði ippon og þar með hafði Egill lokið keppni.



Ægir og Árni úr leiki í fyrstu umferð á EO Luxembourg

1. október (Birt á jsi.is)

Ægir og Árni kepptu um helgina á European Open Luxembourg. Ekki gekk vel að þessu sinni en báðir þurftu að sætta sig við að falla úr leik í fyrstu umferð mótsins. Ægir mætti Leso Kvirikashvili frá Azerbaijan í fyrstu viðureign mótsins. Kvirikashvili hafði strax frá byrjun yfirhöndina í gripa baráttunni og stjórnaði því glímunni. Kvirikashvili náði svo tryggja sér sigur í glímninni þegar hann náði ippon kasti eftir að um það bil ein og hálf mínúta var liðin af glímútíma. Árni mætti Ibrahim Keita frá Frakklandi. Var fyrirfram vitað Keita væri gríðar sterkur en hann varð franskur meistari 2017, og að

auki í 7 sæti á GS Paris. Keita setti Árna strax undir mikla pressu og hafði töggjar og haldir í gripa báráttu. Árni lent þess vegna í vandræðum snemma og uppskar refstig. Keita hélt áfram uppteknum hætti og urðu úrslit glímunar sú að Árni var dæmdur úr leik með þrjú refsistig eftir um það bil eina mínútu. Fyrir fram var vitað að það yrði á brattan að sækja fyrir Ægir og Árna þar sem þeir eru að stíga sín fyrstu skref á mótum sem teljast til heimslista. Því verður líta á þessa ferð sem mikilvægt innlegg í reynslubankann en nú taka við sterkar æfingabúðir í Luxembourg.



Sveinbjörn og Egill báðir í aðra umferð.

27. október (Birt á jsi.is)

Abu Dhabi Grand Slam fór fram um helgina og voru fulltrúar Íslands þeir Sveinbjörn lura og Egill Blöndal. Báðir komust í aðra umferð. Sveinbjörn mætti Sach Denanyoh frá Togo í fyrstu umferð og sigraði hann á sannfærandi hátt þar sem Sacha fékk þrjú shido á innan við tveim mínútum og var þar af leiðandi úr leik (hansoku make). Í annarri umferð glímdi Sveinbjörn gegn Vedat Albayrak frá Tyrklandi, sem vermdi 5. Sæti heimslistans fyrir mótið um helgina. Glíman þróaðist á þann hátt að þeir Sveinbjörn og Vedat háðu harða gripabaráttu við upphaf glímunar og náðu hvorugir að ná almennilegum tókum á mótherjanum. Eftir um það bil eina mínútu náði Vedat góðum gripum skoraði ippon með fallegu uchimata kasti og lauk Sveinbjörn þar með keppni.

Egill hafði dregist gegn Dmytro Berezhny frá Úkraníu í fyrstu umferð, en Dmytro mætti ekki til keppni. Að öllum líkindum hefur Dmytro verið dæmdur úr leik þar sem hann stóðst ekki vigt, því fór Egill beint aðra umferð. Í annarri umferð mætti Egill Aleksandar Kukolj frá Serbíu, Kukolj er fyrrum Evrópumeistari og er sem stendur í 9. Sæti heimslistans. Það var mikill hraði í glímunni strax frá byrjun og mikið sótt. Viðureigninn lauk því miður með sigri Kukolj eftir um það bil tvær mínútur þegar hann skoraði ippon með kata guruma og var þar með Egill úr leik að þessu sinni. Egill mun koma heim að móti loknu en Sveinbjörn mun næst ferðast til Ástralíu þar sem hann mun keppa á

Perth Oceania open (3-4 nóv). Þaðan mun leið hans liggja til Japans þar sem hann keppir á Osaka Grand Slam (22-24 nóv). Að lokum mun Sveinbjörn keppa í Hong Kong á Asian Open (1. Des) áður en hann heldur heim á leið.

Tvö Silfur á Opna finnska

27. október (Birt á jsi.is)

Ingunn Sigurðardóttir og Kjartan Hreiðarsson unnu til silfurverðlauna á Opna Finnska í Turku á Laugardaginn. Það sem geirir þennan árangur enn athyglisverðari er sú staðreynd að bæði Ingunn og Kjartan höfðu lent í því að morgni keppnisdags að standast ekki vigt í skráðum flokki og neyddust því bæði að færa sig um um þyngdarflokk. Það kom þó ekki að sök þegar upp var staðið því þau unnu til silfurverðlauna í þeim flokkum, Ingunnn í -78 kg flokki og Kjartan í U18 -81 kg flokki.

Aðrir keppendur komust ekki á pall að þessu sinni en unnu þó nokkrar viðureignir.

Á sunnudeginum tóku keppendur þátt í alþjóðlegum æfingabúðum sem haldnar voru í tengslum við mótið.



Keppnislið Íslands á Opna finnska: efri röð frá vinstri; Gylfi Jónsson, Daníel Dagur Jónsson, Oddur Kjartansson, Skarphéðinn Hjaltason. Neðri röð frá vinstri; Ingunn Rut Sigurðardóttir, Hrafn Arnarsson, Ingólfur Rögnvaldsson. Á myndina vantar Loga Haraldsson, Kjartan Hreiðarsson.

Úrslit Oceania Open í Perth

5. nóvember (Birt á jsi.is)

Sveinbjörn lura keppti á Oceania Open í Perth aðfaranótt mánudags og var skráður til leiks í 81 kg flokki. Mótið í ár var sterkara heldur en undanfarin ár, en líkleg örsök þess er sú að í ár gaf mótið fleiri stig til heimslista IJF heldur en áður. 81kg flokkurinn var sérstaklega sterkur að þessu sinni og var skipaður fjölmörgum verðlaunahöfum frá Grand Slam- og heimsmeistaramótum. Sveinbjörn drógst gegn Nicholas Delpopolo frá USA í fyrstu umferð. Sveinbjörn varð að játa sig sigraðan eftir að Delpopolo hafði tekist að skora Ippon með vel útfærðu sode tsurikomi goshi. Delpopolo féll svo úr leik í annari umferð. Hér má sjá nánari úrslit mótsins Næst mun Sveinbjörn halda til Japans þar sem hann mun vera við æfingar uns hann mun taka þátt í Osaka Grand Slam sem fer fram 22-24 nóvember.

Fjöldi verðlauna á Södra Judo Open.

25. nóvember (Birt á jsi.is)

Íslenskt Júðófolk vann til sex gullverðlauna, níu silfurverðlauna og þriggja bronsverðlauna á Södra Judo Open 4 sem fram fór um helgina í Haninge í Svíþjóð. Mótið er liður í opinni sænskri mótarið sem er ætluð börnum, unglingum og fullorðnum og voru keppendur 370 frá fjórum þjóðum.

Kvennalandslið Íslands átti þrjá fulltrúa á Södra Open. Heiðrún Pálsdóttir úr UMFN vann til gullverðlauna í +78kg flokki kvenna og silfurverðlauna í +78kg stúlknaflokk U21 en Hekla Dís Pálsdóttir úr KA lenti í þriðja sæti þessum sömu flokkum. Ásta Lovísa Arnórsdóttir JR vann til bronsverðlauna í -63kg kvenna. Ásta sem venjulega keppir -57kg neyddist til þess að keppa flokk upp fyrir sig þar sem allar hinar stúlkurnar sem voru skráðar -57kg flokkinn vigtuðust yfir flokksmörkum og voru því færðar upp um flokk. Ásta neyddist því að fylgja þeim upp um flokk til þess að fá einhverja keppni.



Júðofélag Reykjavíkur sendi tólf keppendur í aldursflokkum U9, U11, U13 og U15. Mikael Ísaksson (Piltar U13-9) og Fannar Frosti Þormóðsson (Drengir U9-4) unnu til gullverðlauna. Emma Thueringer (Stúlkur U11-5), Helena Bjarnadóttir (Stúlkur U13-4), Matas Naudziunas (piltar U13-11) og Orri Helgason (Drengir U11-8) unnu til silfurverðlauna og Daron Hancock fékk bronsverðlaun í piltaflokki U15 -50kg. Einnig kepptu fyrir hönd JR Aðalsteinn Björnsson (piltar U15 -46kg), Daníela Kucyte (stúlkur +63kg), Elías Funi Þormóðsson (Piltar U13-3), Jónas Guðmundsson (Piltar U13-5) og Romans Psenicnijs (piltar U13-7) en náðu ekki að vinna til verðlauna í þetta skiptið.

UMFN var með sex keppendur á sínum vegum og unnu þeir til sjö verðlauna. Mariam Badawy vann gullverðlaunin í stelpnaflokki u13-1, Jóhannes Pálsson vann gullverðlaun í drengjaflokki u15+73kg og silfurverðlaun í drengjaflokki U18+90kg, Daníel Árnason vann gullverðlaun í U21-55kg og silfur í U18-55kg og Ingólfur Rögnvaldsson vann silfur bæði í U18-66kg og U21-66kg. Auk ofangreindra kepptu einnig þeir Andres Palma í -81kg flokki karla og opnum flokki karla og Helgi Guðmundsson í piltaflokki U13-9 en náðu ekki í verðlaun að þessu sinni.

Sveinbjörn bragðaði á forréttinum í Hong Kong

21. desember (Birt á mbl.is)

Sveinbjörn Jun Iura, júðókappi úr Ármanni, er einn þeirra Íslendinga sem eiga möguleika á að komast á Ólympíuleikana í Japan sem haldnir verða 24. júlí til 9. ágúst á næsta ári.

Sveinbjörn vinnur að því hörðum höndum og þarf að beita alls kyns (júdó)brögðum á mótum erlendis á komandi ári til að ná nægilega góðri stöðu á heimslistanum.

Staða hans þar með vorinu mun skera úr um hvort honum takist ætlunarverkið. Ekki liggur fyrir hversu hátt hann þarf að ná þar sem kvóti á þjóðir á heimsálfur spilar inn í niðurstöðuna á endanum.



Fern verðlaun júðómanna á Smáþjóðaleikunum

28.maí (Birt á mbl.is)

Einstaklingskeppni í júdó á Smáþjóðaleikunum í Svartfjallandi fór fram í dag og unnu íslensku keppendurnir til fernra verðlauna.



Egill Blöndal hlaut silfurverðlaun eftir spennandi úrslitaglímu í -90 kg flokki við Schwendingar frá Liechtenstein. Egill var sóknjafur alla glímuna og leiddi hana en þegar 24 sekúndur voru eftir jafnaði andstæðingur hans og fór glíman í gullskor. Þar hafði andstæðingur Egils betur og því voru það silfurverðlaunin sem féllu til Egils að þessu sinni.

Alexander Heiðarsson, Árni Lund og Þór Davíðsson unnu allir til bronsverðlauna í sínum flokkum.

Árni Pétur Lund glímdi um bronsverðlaunin í -81 kg flokki við andstæðing frá Möltu sem heitir Camillieri. Árni glímdi vel og stjórnaði glímunni en var óvænt kastað en ekki á ippon og náði hann að vinna sig í fastatak þar sem hann hélt Möltumanninum og vann sigur og þar með bronsverðlaunin.

Þór Davíðsson glímdi í -100 kg flokknum við Bezzina frá Möltu og var það hörkuglíma og mjög jöfn. Þegar um 20 sekúndur voru eftir af glímunni fór Þór í gólfið með andstæðing sinn og náði að snúa honum á síðustu sekúndu glímunnar og hélt honum þar til hann sigraði og bronsið var hans. Alexander Heiðarsson og Dofri Bragason mættust í bronsglímu í -60 kg flokki sem endaði með sigri Alexanders.

Árni Pétur Norðurlandameistari

19.maí (Birt á mbl.is)

Átján íslenskir keppendur tóku þátt á Norðurlandamótinu í júdó í Rovaniemi í Finnlandi um helgina. Bestum árangri náðu þeir Árni Pétur Lund, Daníel Dagur Árnason og Guðmundur Stefán Gunnarsson en þeir unnu samtals fern verðlaun.



Guðmundur Stefán Gunnarsson stóð sig vel og tók bronsverðlaunin í +100 kg flokki og sigraði einnig örugglega í Veterans flokki 40-49 ára í +100 kg. Daníel Dagur Árnason varð í þriðja sæti í U21 árs -55 kg flokki.

Óhætt er að segja að Árni Pétur Lund hafi verið maður dagsins á laugardaginn. Hann sigraði í sextán manna -81 kg flokki með algjörum yfirburðum. Hann glímdi í heildina aðeins í um það bil tvær mínútur í fjórum viðureignum og náði í sinn fyrsta Norðurlandameistaratitil. Hann keppir á Smáþjóðaleikunum í næstu viku.

Ingólfur Rögnvaldsson keppti um bronsverðlaunin í U21 árs -66 kg en varð að játa sig sigraðan eftir hörkuviðureign en aðrir íslenskir keppendur komust ekki á pall. Ísland varð í öðru sæti í liðakeppni á eftir Finnum.


Metþátttaka í júdó

26.janúar (Birt á mbl.is)

80 talsins, þar af 50 erlendir frá 10 löndum sem er nýtt þátttökumet.

Mikil ánægja virðist vera með mótið hjá erlendu gestunum því margir þeirra voru að taka þátt í annað og þriðja skiptið, meðal annars sigurvegarinn í -70 kg flokki kvenna, Gwenaelle Viard, sem var að koma í þriðja skiptið og taka sitt þriðja gull.

Íslensku keppendurnir unnu til níu verðlauna. Gullverðlaun unnu Anna Soffía Víkingsdóttir í -70 kg flokki og Stefán Guðnason í +100 kg flokki og silfurverðlaun vann Karl Stefánsson í +100 kg flokki. Sex Íslendingar fengu bronsverðlaun, Kristín Guðjónsdóttir í +70 kg flokki, Al-exander Heiðarsson í -60 kg flokki, Sveinbjörn Iura og Árni Pétur Lund í +81 kg flokki og Þór Davíðsson í -100 kg flokki og Sindri Jónsson í +100 kg flokki.



Ársreikningur árið 2019

Rekstrarreikningur ársins

	Skýr.	2019	2018
Lottótekjur		4.167.925	3.504.589
Útbreyðslustyrkur og aðrir styrkir ÍSÍ		2.733.191	2.513.952
Ríkisstyrkur		2.950.000	2.950.000
Afrekssjóður		9.500.000	7.100.000
Tekjur alls frá ÍSÍ		19.351.116	16.068.541
Mótatekjur, gráðanir og árgjöld		1.582.648	1.525.765
Aðrar tekjur		5.148.829	3.163.627
Tekjur alls		26.082.593	20.757.933
Ferða og keppnisstyrkir		(14.196.173)	(9.763.651)
Mótakostnaður		(4.495.173)	(4.252.537)
Verktakagreiðslur		(8.322.131)	(6.154.149)
Húsaleiga		(402.708)	(379.992)
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður		(781.828)	(556.769)
Annar rekstrarkostnaður		(1.297.733)	(1.283.733)
Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		(3.413.153)	(1.632.898)
Fjármunatekjur		2.370	3.790
Fjármagnsgjöld		(22.768)	(18.262)
	3	(20.398)	(14.472)
Tap ársins		(3.433.551)	(1.647.370)

Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr.	31.12.2019	31.12.2018
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	4	2.882.184	1.804.964
Aðrar skammtímakröfur	4	281.105	1.348.381
Handbært fé	4	1.928.260	5.477.584
		<u>5.091.549</u>	<u>8.630.929</u>
Eignir		<u>5.091.549</u>	<u>8.630.929</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	5	4.454.027	7.887.578
Eigið fé		<u>4.454.027</u>	<u>7.887.578</u>
Skammtímaskuldir			
Aðrar skammtímaskuldir	6	637.522	743.351
		<u>637.522</u>	<u>743.351</u>
Skuldir		<u>637.522</u>	<u>743.351</u>
Eigið fé og skuldir		<u>5.091.549</u>	<u>8.630.929</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrartap		(3.413.153)	(1.632.898)
Veltufé til rekstrar án vaxta og skatta		<u>(3.413.153)</u>	<u>(1.632.898)</u>
Aðrar rekstartengdar eignir, (hækkun)		(9.944)	(1.578.574)
Rekstartengdar skuldir (lækkun), hækkun		(105.829)	643.351
Handbært fé til rekstrar án vaxta og skatta		<u>(3.528.926)</u>	<u>(2.568.121)</u>
Innborgaðir vextir		2.370	3.790
Greiddir vextir		(22.768)	(18.262)
Handbært fé til rekstrar		<u>(3.549.324)</u>	<u>(2.582.593)</u>
 Lækkun handbærs fjár		 (3.549.324)	 (2.582.593)
Handbært fé í upphafi árs		5.477.584	8.060.177
 Handbært fé í lok árs		<u><u>1.928.260</u></u>	<u><u>5.477.584</u></u>

Skýringar

1. Starfsemi

Júdósambands Íslands (Hér eftir nefnt JSÍ) eru heildarsamtök Júdófélaga á Íslandi og er eitt af sérsamböndum Íþróttasambands Íslands.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur JSÍ fyrir árið 2019 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög um ársreikninga.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Skuldbindingar vegna vöruábyrgða eru færðar á söhudegi viðkomandi vara og metnar af stjórnendum m.t.t. áætlaðs fjárútreymis sem ábyrgðirnar kunna að valda í framtíðinni.

3. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2019	2018
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	2.370	3.790
	2.370	3.790
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Önnur vaxtagjöld	(22.768)	(18.262)
	(22.768)	(18.262)
	(20.398)	(14.472)

4. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur	31.12.2019	31.12.2018
Afrekssjóður	500.000	600.000
ÍSí Lottó- og útbreiðslustyrkur	2.382.184	1.204.964
	2.882.184	1.804.964
Aðrar skammtímakröfur		
	31.12.2019	31.12.2018
Fyrirframgreiddur kostnaður	281.105	1.348.381
	281.105	1.348.381
Handbært fé		
Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.		
	31.12.2019	31.12.2018
Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum	1.928.260	5.477.584
	1.928.260	5.477.584

5. Eigið fé

	Óráðstafað eigið fé
Eigið fé 1.1.2018	9.534.948
Hagnaður/(tap) ársins	(1.647.370)
Eigið fé 1.1.2019	7.887.578
Hagnaður/(tap) ársins	(3.433.551)
Eigið fé 31.12.2019	4.454.027

6. Aðrar peningalegar skuldir

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2019	31.12.2018
Fyrirframinnheimtar tekjur	161.371	275.052
Kreditkort, VISA	476.151	468.299
	<u>637.522</u>	<u>743.351</u>

7. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 23. maí 2020